

## 7. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 66, 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1.

1. gr. laganna, töluliður 2, orðist þannig: af húsum öllum, til hvers sem þau eru notuð, 2 af þúsundi hverju árið 1923,  $2\frac{1}{2}$  árið 1924 og síðan 3 af þúsundi hverju.

2

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemd við frumvarp þetta.

Ástæðurnar fyrir því að hús samkvæmt fasteignaskattslögunum eru sett í lægri skatt en aðrar fasteignir virðast vera þær, sumpart að hús gangi úr sjer og rýrni fremur en aðrar fasteignir, sumpart að gera ekki snögga breytingu frá hinum lága skatti þessara fasteigna. Fyrri ástæðan nær eigi aðeins til húsa, heldur margra annara fasteigna, sem rýrna eða liggja undir skemdum, en þetta kemur fram í fasteignamatinu, sem vitanlega er lægra á eignum, sem liggja undir rýrnun, en á öðrum. En umfram hið lægra mat er ekki ástæða til þar að auki að hafa

læggra gjald af matsupphæðinni. — Hin ástæðan, að skatturinn hafi verið lægri en sannsýnilegt er, bendir í þá átt að þessu sje komið í lag án mjög snöggra breytinga. Því er hækkuninni í raun og veru skift niður á 3 ár samkvæmt frumvarpinu.

Skattskyld matsverð húsa nemur því sem næst 51 milj., skatturinn með  $1\frac{1}{2}$  p. m. nemur því 76,500 kr. og árleg viðbót  $\frac{1}{2}$  p. m. 25,500 kr. uns skattur af húsum væri kominn upp í 153,000 kr. alls 1925 og allur fasteignaskatturinn, að viðbættum rúmum 125,000 fyrir lönd og lóðir, næmi þá 278,000 kr. móts við nú áællaðar 210,000 kr. Við hvorttveggja upphæðina má gera ráð fyrir 5–6000 kr. árlegri viðbót vegna aukamats á nýjum húsum o. þessk.